

Alþingi
Erindi nr. **D** 135/365
komudagur 22. 11. 2007



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.11.2007
Tilv. 164/2006 - 1.05.02
JHÁ

Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um þingsályktunartillögu um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólan á Akureyri.

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til að gefa umsögn um þingsályktunartillögu um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólan á Akureyri.

Lýðheilsustöð er almennt hlynnt eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum. Í greinargerð með þingsályktuninni er sérstaklega talað um að fjölga plássum í hjúkrun. Það kemur fram að hjúkrunarfræðingar sem útskrifast frá HA setjast frekar að og starfa á landsbyggðinni sem er lykilþáttur í að halda uppi vandaðri heilbrigðisþjónustu um allt land. Í ljósi þessa ber að fagna þessari þingsályktunartillögu.

Við fjölgun plássá í hjúkrun er þó nauðsynlegt að hafa ávallt fagmennsku að leiðarljósi og leggja áherslu á að ekki verði slakað á kröfum við inntöku nýnema í námið eða í náminu sjálfu. Ekki er nóg að fjölga í stétt hjúkrunarfræðinga heldur er einnig mikilvægt að halda fagmennsku í stéttinni sem mestri í flóknu umhverfi og samfélagi.

Virðingarfyllst

Þóroldur Þórlindsson
forstjóri Lýðheilsustöðvar